



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

12. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 9. desember 2024 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson boðaði forföll, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Kolbrúnar Haraldsdóttur. Auk þeirra eru mættir þau: Hannibal Kjartansson (HK), veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson (GKG), yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Í upphafi fundar leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Dagskrá:

1. Niðurstaða útboðs Röðulstanga.

Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í gatnagerð í Röðulstanga. Framkvæmdir munu eiga sér stað árið 2025 og lokafrágangur árið 2026. Lægstbjóðandi var fyrirtækið Gröfutækni ehf og uppfyllti tilboð þeirra alla skilmála útboðsins. Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt að tilboði Gröfutækni ehf verði tekið. Verkeftirlit verður á vegum Eflu ehf, Magnús Ólafsson mun sjá um verkeftirlit.

Lagt fram til kynningar.

2. Staða vatnsveitu Blákvísl.

Veitustjóri kynnti að Verkfræðistofan Efla mun skila drögum að fyrstu hönnun að lögninni sjálfri á allra næstu dögum. Lagnaleiðin liggur fyrir. Veitustjóri mun fara yfir stöðu málsins á íbúafundi sem haldinn verður næstkomandi fimmtudag.

Lagt fram til kynningar.

3. Umræða um hálfu á sundlaugarsvæði.

Rætt um lausnir á hálkuvanda á sundlaugarsvæðinu.

Gunnþóri falið að fylgja málinu eftir eins hratt og nokkur er kostur.

Handwritten signatures in blue ink, including initials and full names like "DAS" and "Chen".

4. Fjárfestingaráætlun 2025.

Lögð fram samþykkt fjárfestingaráætlun stofnana Hrunamannahrepps fyrir árið 2025. Nefndin leggur áherslu á góðan framgang verkefna og að verkefni verði brotin niður í tímalínu sem hægt er að fylgjast með á nefndafundum.

5. Staða verkefna.

Tækjasalur: stefnt er að því að framkvæmdum ljúki í þessari viku.

Framkvæmdir á kennslugangi: Endanlegur frágangur gólfefna mun eiga sér stað í vor.

Endurbætur á skólalóð: Framkvæmdum við leikvöll er lokið. Enn er eftir að setja upp girðingar í kringum fótbolta- og körfuboltavöll og eru verktakar væntanlegir í vikunni.

Leikvöllur í norðurbænum: framkvæmdum er lokið, lítilsháttar frágangur á svæðinu er eftir.

Framkvæmdir á móttökusvæði úrgangs: enn er vonast til þess að einhverjar fjárfestingar geti átt sér stað á yfirstandandi fjárhagsári.

Salerni við fótoltavöllinn: Enn hefur salernisgámur ekki verið tengdur. Héðan í frá liggur ekki á því enda mun starfsemi á vellinum liggja niðri í vetur. Nauðsynlegt er að allt verði þar tengt og tilbúið fyrir 1. maí 2025.


Heilsugæslan: útboð hefur verið auglýst og verða tilboð opnuð í vikunni.

Röðulstangi: útboð hafa verið opnuð og gengið verður til samninga við Gröfutækni ehf um verkið.

6. Tækjasalur heimsóttur.

Nefndarmenn heimsóttu tilvonandi tækjasal en vonir standa til að framkvæmdum við hann ljúki í vikunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:03.


Þorarney Vignisdóttir
Dati Geir Samuelsson

Audur Arnar

Aldur Hafsteinsson
Samuel S.

Geir Samuelsson